

Alþingi
Erindi nr. P 137/22
komudagur 28.5.2009

Nefndasvið Alþingis
b/t Efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

28. maí 2009
Tilvísun: 2009050072

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. mál, stofnun hlutafélags, heildarlög.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 22. apríl sl., þar sem Efnahags- og skattanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um endurskipulagningu þjóðhagslegra mikilvægra atvinnufyrirtækja, 1. mál, stofnun hlutafélags, heildarlög.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins en telur rétt að koma á framfæri nokkrum ábendingum.

Í 2. gr. frumvarpsins kemur fram að tilgangur félagsins sé m.a. að semja um kaup á eignarhlutum eða veðkröfum í þjóðhagslega mikilvægum atvinnufyrirtækjum sem þarfnast endurskipulagningar og eru í eigu bankanna eða annarra fjármálafyrirtækja. Ekki er skýrt af orðalagi ákvæðisins til hvaða banka er verið að vísa. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið virðist þó að með orðinu „bankarnir“ sé átt við þá banka sem í dag eru í eigu ríkisins. Þar sem í dag eru fleiri starfandi bankar er mikilvægt að skýrt komi fram hvaða bankar falli undir að vera „bankarnir“, þ.e. hvort átt sé við viðskiptabanka, viðskiptabanka í eigu ríkisins eða viðskiptabanka og fjárfestingarbanka (lánaþyrirtæki). Þó má geta þess að engin rök virðast fyrir því að tala sérstaklega um fyrirtæki í eigu bankanna heldur væri nægilegt að tala eingöngu um fyrirtæki í eigu fjármálafyrirtækja.

Í 4. gr. frumvarpsins er félagið sem ætlunin er að stofna í fyrsta sinn kallað „eignaumsýslufélagið“, en áður er eingöngu talað um félagið. Þessi hugtakanotkun er einnig notuð í athugasemdum við frumvarpið. Ef ætlunin er að félagið sé kallað eignaumsýslufélagið væri æskilegt að slíkt væri tilgreint í 1. gr. frumvarpsins.

Í 5. gr. frumvarpsins kemur fram að stjórnarmenn félagsins skuli hafa haldgóða menntun án þess að frekari leiðbeiningar sé að finna í ákvæðinu eða athugasemdum frumvarpsins.

Í frumvarpinu er ekki tekið á hvernig standa ber að starfsemi félagsins né virðist eiga taka á því í reglugerð. Þannig er t.d. ekki tekið á hvernig starfsemi verði sinnt varðandi annað en ráðgjafahlutverkið, hver skuli hafa frumkvæði að aðkomu félagsins að einstökum málum sem eru í vinnslu hjá fjármálafyrirtækjum og hvort málin flytjist frá viðkomandi fjármálafyrirtæki til félagsins. Slíkt gæti skipt máli varðandi bankaleynd og eftirlit með starfsemi þar sem félagið er ekki undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins líkt og fjármálafyrirtæki. Einnig kemur ekkert fram um það hvort ætlunin sé að félagið skipi aðila í stjórn þeirra félaga sem keypt eru eða hafi aðra aðkomu að daglegum rekstri þeirra.


Samkvæmt umsögn Fjármálaráðuneytis, fjárlagaskrifstofu er gert ráð fyrir að

rekstrarkostnaður félagsins verði borinn uppi af þeim félögum sem tekin verða til eignasýslu og að sá kostnaður falli því ekki á ríkissjóð það kemur þó ekki fram í lögnum sjálfum. En mikilvægt er að skýrt sé hver beri t.d. að greiða kostnað við aðstoð félagsins við einstök fjármálafyrirtæki.

Að lokum má benda á að í athugasemdum við frumvarpið er hugtakið fjármálastofnanir iðulega notað án þess að fram komi hvað sé átt við með hugtakinu. Ef eingöngu er átt við þau fyrirtæki sem falla undir lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki væri réttara að tala um fjármálafyrirtæki í samæri við hugtakanotkun þeirra laga. Ef ætlunin er hins vegar að hugtakið fjármálastofnun taki til fleiri aðila væri æskilegt að fram kæmi til hvaða annarra aðila hugtakið næði.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITID



Gunnar P. Andersen



Árný J. Guðmundsdóttir